

REGLUGERÐ

um málsmeðferð við setningu skipulagsreglna fyrir flugvelli.

1. gr.

Markmið.

Markmið reglugerðar þessarar er að kveða á um skýrt ferli við setningu skipulagsreglna fyrir flugvelli sem tryggir hlutaðeigandi aðilum aðkomu að mótun þeirra og öryggi í flugi.

2. gr.

Starfshópur.

Í kjölfar ákvörðunar um setningu skipulagsreglna fyrir flugvöll skal ráðherra skipa starfshóp sérfræðinga í flug- og skipulagsmálum. Verkefni hópsins skal vera að annast gerð tillögu að skipulagsreglum fyrir flugvöll sem tryggir flugöryggi með fullnægjandi hætti með sem minnstum takmörkunum á skipulag þeirra svæða í kringum flugvöllinn sem reglurnar taka til. Að vinnu lokinni skal tillagan lögð fyrir ráðherra ásamt greinargerð.

Starfshópurinn skal skipaður þannig:

Einn fulltrúi ráðherra og annar til vara,

Einn fulltrúi samkvæmt tilnefningu Samgöngustofu og annar til vara,

Einn fulltrúi samkvæmt tilnefningu rekstraraðila flugvallar og annar til vara,

Tveir fulltrúar samkvæmt tilnefningu þess sveitarfélags þar sem flugvöllur er innan staðarmarka og tveir til vara.

Sé flugvöllur innan staðarmarka tveggja eða fleiri sveitarfélaga skal starfshópurinn þó einungis skipaður einum fulltrúa frá hverju sveitarfélagi.

Fulltrúi ráðherra er formaður hópsins.

3. gr.

Fundir.

Formaður boðar til funda með a.m.k. þriggja sólarhringa fyrirvara. Dagskrá fundar skal fylgja fundarboði.

Formaður stýrir fundum. Ávallt skal leitast við að komast að sameiginlegri niðurstöðu um mál, en sé þess ekki kostur ræður einfaldur meirihluti atkvæða úrslitum. Atkvæði formanns ræður úrslitum ef atkvæði falla jöfn.

Á fundum starfshópsins skal rituð fundargerð.

Starfshópurinn skal funda eftir þörfum og óski fulltrúi í honum eftir fundi skal verða við því svo fljótt sem kostur er.

4. gr.

Samráð.

Þegar starfshópurinn hefur mótað tillögu að skipulagsreglum fyrir flugvöll skal hann viðhafa opið samráð um þær. Hið opna samráð skal a.m.k. fela í sér birtingu tillögu starfshópsins, ásamt greinargerð, í samráðsgátt stjórnvalda og Lögbirtingablaði með að lágmarki sex vikna umsagnarfresti þar sem skorað er á þá sem hlut eiga að máli, m.a. íbúa og eigendur mannvirkja, lóða og fyrirtækja í næsta nágrenni flugvallar, að veita umsögn um tillöguna innan umsagnarfrests.

Verði breytingar á tillögu í kjölfar opins samráðs skal leitað samráðs á ný um tillöguna skv. 1. mgr. Þó er heimilt að veita skemmri umsagnarfrest sé hann a.m.k. tvær vikur. Liggi fyrir breytt tillaga frá minnihluta starfshópsins er ekki skylt að leita samráðs um hana á ný.

Að loknum umsagnarfresti skal starfshópur taka rökstudda afstöðu til umsagna og birta á vefsíðu ráðuneytis eigi síðar tillaga er lögð fyrir ráðherra eða samráðs leitað á ný, eftir því sem við á.

5. gr.

Tillaga til ráðherra.

Sé starfshópur sammála um tillögu skal leggja hana fyrir ráðherra án tafar, ásamt greinargerð. Ríki ágreiningur um tillögunu skal tillaga hins vegar ekki lögð fyrir ráðherra fyrr en starfshópur hefur greitt atkvæði um tillögunu tvisvar sinnum, með a.m.k. tveggja vikna millibili, og um hana fundað áður en seinni atkvæðagreiðsla fer fram með það að markmiði að leysa þann ágreining sem uppi er. Að lokinni málsmeðferð skv. 2. másl. skal leggja tillögu fyrir ráðherra. Liggi fyrir tillögur frá minnihluta skulu þær jafnframt hljóta málsmeðferð skv. 2. másl. og sendar ráðherra til upplýsinga.

6. gr.

Ráðherra vikur frá tillögu.

Ráðherra er heimilt að víkja frá þeirri tillögu sem starfshópur leggur til séu breytingarnar kynntar starfshópnum með skriflegum hætti og hópnum gefið tækifæri til umfjöllunar um þær. Eftir því sem tilefni er til skal ráðherra einnig viðhafa opið samráð um þær breytingar sem hann leggur til með sams konar hætti og ráðast skal í um breytta tillögu starfshóps skv. 2. mgr. 4. gr.

7. gr.

Birting skipulagsreglna fyrir flugvelli.

Staðfestar skipulagsreglur flugvalla skal birta í B-deild Stjórnartíðinda og á vefsíðu rekstraraðila flugvallar.

8. gr.

Lagastoð og gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 6. mgr. 147. gr. laga um loftferðir nr. 80/2022, öðlast þegar gildi.

Innviðaráðuneytinu,